






IDAN HAUST 2026



NÁMSKEIÐ HAUSTSINS 2026



Löðan fræðslusetur er vettvangur sí- og endurmenntunar fyrir fagfólk í iðnaði.

Hjá okkur mætast fagþekking, reynsla og nýjungar með það að markmiði að efla færni fólks, styðja við þróun iðngreina og mæta breyttum þörfum atvinnulífsins.

Á hverju ári bjóðum við upp á fjölbreytt úrval námskeiða fyrir ólíkar iðngreinar; allt frá hagnýtri fagþekkingu sem nýtist strax í starfi til nýrrar tækni, aðferða og sérþekkingar frá Íslandi og erlendis.

Í þessum bæklingi finnur þú brot af því sem er fram undan í löðunni.

Það er alltaf rétti tíminn til að bæta við sig þekkingu. Finndu eitthvað fyrir þig og taktu næsta skref í þínu fagi.



Skrifstofa Stórhöfði 27, 110 Reykjavík

Sími +354 590 6400

Opnunartími skrifstofu

Mán - Fim 9:00-16:00

Föstudag 9:00-14:00

Prent- og miðlunargreinar

HREYFIHÖNNUN FRÁ A-Ö

Grunnatriði í gerð hreyfimynda með Adobe After Effects. Nemendur læra að hanna einfaldar hreyfimyndir sem fanga athygli og nýtast í markaðsstarfi fyrirtækja eða fjölmiðlum. Einnig verður farið í möguleika annarra forrita, svo sem Figma og hvernig nýta má það í gerð hreyfihönnunar t.a.m. vefborða.

1. september 2026

Kl: 18:00 - 21:00




MASTERCLASS Í AFTER EFFECTS

Námskeiðið er ætlað þeim sem þegar hafa grunnþekkingu í hreyfihönnun og vilja dýpka skilning sinn, skerpa á tækni og próa eigin stíl í hreyfimyndagerð. Markmiðið er að þátttakendur öðlist aukna færni í að nota Adobe After Effects til að skapa flæðandi hreyfimyndir sem segja sterka sögu.

15. september 2026

kl: 18:00 - 21:00



NÝJUNGAR Í AUGLÝSINGAPRENTI

Á þessum fyrirlestri verður kynnt nýjasta þróun og tæknilausnir í skiltagerð, prentun á bylgjupappa og filmuásetningum. Þátttakendur fá innsýn í ný efni, aðferðir og möguleika sem eru að móta auglýsingaprent í dag. Annar fyrirlestur verður haldinn þar sem áherslan verður frekar á persónumerkingar og textílprent.

30. september 2026

Kl: 11:00 - 13:00





PERSÓNUSNIÐNAR LAUSNIR Í AUGLÝSINGAPRENTI

Þessi fyrirlestur hentar öllum sem starfa við eða hafa áhuga á prentiðnaði, skiltagerð, merkingum, textílprentun og umbúðagerð og vilja fylgjast með nýjustu straumum og nýta þá í sinni starfsemi.



7. október 2026

Kl: 11:00 - 13:00

Bygginga- og mannvirkjagreinar




LÍFSFERILSGREININGAR FYRIR BYGGINGAR – LCA

Námskeið fyrir verktaka og hönnuði um lífsferilsgreiningar bygginga sem skylt er að leggja fram með umsóknum um byggingarleyfi í umfangsflokkum 2 og 3.



16. september 2026

Kl: 13:00 - 17:00



BLÁGRÆNAR OFAN- VATNSLAUSNIR

Námskeið ætlað verktökum, verkstjórum og öðrum sem koma að uppbyggingu og framkvæmd mannvirkja og útisvæða um hönnun, mótun og framkvæmd blágrænna ofanvatnslausna og hvernig þær draga úr álagi á fráveitukerfi. Löggð er áhersla á lausnir sem leiða yfirborðsvatn aftur niður í grunnvatnið í stað þess að leiða það beint til sjávar.



22. september 2026

kl: 09:00 - 12:00

FERLI BYGGINGARFRAMKVÆMDAR FRÁ UPPHAFI TIL ENDA

Námskeið fyrir iðnaðarmenn, byggingarstjóra og aðra stjórnendur í byggingaframkvæmdum sem vilja þekkja ferli byggingaframkvæmdar frá upphafi til enda.

23. september 2026

Kl: 13:00 - 18:00



GLUGGAÍSETNINGAR OG ÞÉTTINGAR

Námskeið fyrir húsasmiði sem ætla setja glugga í hús og vilja gera það af öruggum hætti.

29. september 2026

Kl: 13:00 - 17:00



ÍST 30 VIÐ FRAMKVÆMDIR

Námskeið fyrir iðnmeistara og verktaka um staðalinn ÍST 30 - almenna útboðs og samningsskilmála um verkframkvæmdir og notkun hans við verklegar framkvæmdir.

30. september 2026

Kl: 09:00 - 12:00





BRUNAÖRYGGI VIÐ BYGGINGAFRAMKVÆMDIR

Námskeið fyrir iðnaðarmenn og verktaka sem standa í byggingaframkvæmdum og vilja koma í veg fyrir eldsvoða við þær.



20. október 2026

Kl: 13:00 - 17:00

Matvæla- og veitingagreinar



TILRAUNAELDHÚSIÐ - NÚTÍMA MATARGERÐALIST

Kynntu þér hvernig fremstu veitingastaðir heims nýta vísindalega nálgun til að skapa einstaka matupplifun. Á þessu tveggja daga verklega námskeiði vinna þátttakendur með nýjustu tækni og hráefni nútímamatreiðslu og læra að þróa nýja áferð, bæta stöðugleika og efla sköpun í faglegu eldhúsi.



11. nóvember 2026

Kl: 10:00 - 16:00

TÆKIFÆRIN BÍÐA!

Katla Þórudóttir nýtti ERASMUS+ til að læra á danska Michelin veitingastaðnum Aure í Kaupmannahöfn

HVERT VILT ÞÚ FARA?

Kynntu þér Erasmus+ í Iðunni



Erasmus+
Opnar hugann, auðgar líf




AÐ FANGA AUGNABLIKID - MYNDEFNI FYRIR SAMFÉLAGSMÍÐLA Í VEITINGAGEIRANUM

Þetta námskeið er ætlað fagfólki í matvæla- og veitingageiranum sem vill efla hæfni sína í myndagerð fyrir samfélagsmiðla og eigin not. Á þessu þriggja daga námskeiði læra þátttakendur að nýta aðstæður, ljós og umhverfi til að fanga augnablik og stemningu með iPhone eða einfaldri myndavél. Áhersla er á að búa til einfalt en vandað myndefni og miðla því á áhrifaríkan hátti leik og starfi.

21. september 2026

Kl: 14:00 - 18:00



TÖFRARNIR Á BAK VIÐ DUMPLINGS

Lærðu handverkið á bak við ekta handgert dumplings og öðlastu hagnýta þekkingu á hráefnum, kryddum, fyllingum, deigi og eldunaraðferðum. Á þessu tveggja daga verklega námskeiði vinna þátttakendur með hefðbundnar aðferðir við gerð dumplings og læra hvernig má framleiða þær á skilvirkan og faglegan hátt fyrirveitingahús og atvinnueldhús.

24. september 2026

Kl: 13:00 - 17:00



GALDURINN Á BAK VIÐ HINA FULLKOMNU RAMEN-SKÁL

Lærðu að byggja upp ekta ramen frá grunni. Á þessu tveggja daga verklega námskeiði vinna þátttakendur með helstu byggingareiningar ramen – tare, soð, núðlur, álegg og samsetningu – og öðlast hagnýta þekkingu til að skapa vel heppnaðar ramen-skálar með jafnvægi í bragði, áferð og framsetningu. Námskeiðið er ætlað fagfólki í matvæla- og veitingagreinum sem vill bæta við sig sérþekkingu í þessari sívinsælu japönsku matargerð.

24. nóvember 2026

Kl: 13:00 - 17:00





OFURKRAFTAR Í MATVÆLA- OG VEITINGAGREINUM


Starfsfólk í matvæla- og veitingagreinum sinnir fjölbreyttum verkefnum þar sem mikill tími fer oft í skipulag, tölvupósta, vaktaplön og önnur rekstrartengd verkefni. Með gervigreind má einfalda dagleg störf, spara tíma og skapa meira svigrúm fyrir fagið sjálft. Námskeiðið er kennt á mannamáli með raunhæfum dæmum úr greininni og er í samstarfi við Akademías.



5. október 2026

Kl: 13:00 - 16:00

Bílgreinar



ÖRYGGISSKYNJARAR BIFREIÐA

Námskeiðið er ætlað bifvélavirkjum og tæknimönnum sem sinna greiningu, viðhaldi og kvörðun háþróaðra ökumannsaðstoðarkerfa (ADAS) í ökutækjum.



29. september 2026

Kl: 09:00 - 16:00



FAGLEG ÞJÁLFUN Í LAKKYFIRBORÐSLEIÐRÉTTINGUM OG YFIRBORÐSVERND

Námskeiðið er ætlað bifreiðasmiðum, bílamálurum, sérfræðingum í lakkyfirborðsleiðréttingum, og öðrum sem þurfa formlega og vísindalega þjálfun í faglegri lakkyfirborðsleiðréttingu, greiningu yfirborðs og yfirborðsvörn.



16. október 2026

Kl: 09:00 - 17:00

CAR-O-LINER - MÆLINGAR, LÍMING OG HNOÐUN

Þetta námskeið er fyrir starfsmenn réttingarverkstæða, fólk sem sinnir tjónamati tryggingafélaga og aðra sem þurfa að hafa þekkingu á mælingu burðarvirkis ökutækja og samsetningu með lími og hnoðun.

24. nóvember 2026

kl: 09:00 - 17:00



LÍMRÉTTING GPR (GLUE PULL REPAIR)

Námskeiðið er ætlað faglærðum bifreiðasmiðum/bílamálurum sem vilja ná tökum á skipulagðri og faglegri viðgerð með lím-togtækni

8. desember 2026

Kl: 08:00 - 17:00



VISSIR ÞÚ?

Starfsreynsla þín gæti stýtt leiðina að sveinsprófi!

Langar þig að ljúka námi í iðngrein? Með raunfærnimati getur þú fengið færni og þekkingu sem þú hefur aflað þér á vinnumarkaði metna á móti námi í iðngrein. Það getur stýtt námið og fært þig nær sveinsprófi.

Kynntu þér raunfærnimat hjá Iðunni



IÐAN

ÞRÓUN & ÞEKING Í 20 ÁR

Málm- og véltæknigreinar



HEIT VINNA

Námskeiðið er fyrir iðnaðarmenn, verkstjóra, öryggisverði og alla sem koma að framkvæmd eða eftirliti með heitri vinnu – t.d. logsuðu, rafsuðu, slípun, bræðslu eða vinnu með gas.



14. september 2026

Kl: 13:00 - 15:00



3D SKÖNNUN OG ENDURGERÐ HLUTA

Námskeiðið er ætlað iðnaðarmönnum, hönnuðum, tæknifólki, viðhaldsaðilum, nemendum og öðrum sem vilja nýta 3D skönnun til að endurgera, breyta eða hanna íhluti fyrir framleiðslu, viðgerðir eða þrívíddarprentun.



9. nóvember 2026

Kl: 17:00 - 21:00

16. nóvember 2026

Kl: 17:00 - 21:00

VIÐ ERUM!

Framsækin

Við erum í fararbroddi og höfum metnað til að tileinka okkur framsæknar nýjungar.


Viðsýni okkar og viðhorf endurspeglar áhuga á að nýta og miðla þekkingu hvers annars.

ÖRYGGI VIÐ VÉLAR

Námskeiðið hentar fyrir alla starfsmenn í málmiðnaði. Markmiðið er að þátttakendur auki þekkingu á réttindum og skyldum í vinnuvernd, ásamt að því að kynnst helstu reglum, hættum og forvörnum í málmiðnaði.

6. október 2026

Kl: 13:00 - 15:00




GRUNNUR Í MÁLMSUÐU

Fáðu traustan grunn í helstu suðuaðferðum – TIG, MIG/MAG og pinnasuða eru kennd á þessu námskeiði ásamt öryggisþáttum við suðuvinnu.

14. október 2026

Kl: 09:00 - 16:00



Virðingarfull

Við styðjum við jafnrétti til náms og gætum trúnaðar í okkar störfum. Viðhorf okkar til hagsmunaaðila, verkefna, samstarfsfólks og samfélagsins einkennist af virðingu, jákvæðni, fordómaleysi og heiðarleika.

Fagleg

Við eflum okkar eigin þekkingu og færni af fagmennsku. Jákvæð upplifun viðskiptavina skiptir okkur meginmáli og þar berum við ábyrgð á að hafa jákvætt viðhorf að leiðarljósi.



IDAN
fræðslusetur

FYRIRLESTRARÖÐ

HÁDEGIS- KVEIKJAN

**HÁDEGISFYRIRLESTRAR UM VEFMÁL
SEM Á ERINDI VIÐ ALLA ÞÁ SEM
STARFA VIÐ STAFRÆNA GRAFÍSKA
MIÐLUN OG HÖNNUN**



SLÆMT ORÐSPOR SPJALLMENNA

3. september kl: 12:00-13:00

Er slæmt orðspor spjallmenna afturkræft?
Er gervigreindin að bjarga málunum?

FUNDIÐ FÉ

1. október kl: 12:00-13:00

Viltu spara í hugbúnaðarmálum fyrirtækisins?
Hvernig er best að meta þörfina?

GÓÐ UPPLÝSINGAGJÖF TIL STARFSFÓLKIS

5. nóvember kl: 12:00-13:00

Purfa fyrirtæki innri vefi? Hvernig tryggjum Við að
starfsfólk finni upplýsingarnar sem það þarf?

FÓLKIÐ SEM GLEYMDIST Í STAFVÆÐINGUNNI

3. desember kl: 12:00-13:00

Hvað höfum við gert afa og ömmu? Er stafræn
þjónusta fyrir alla og hvað er stafræn útilokun?

Umsjón fyrirlestra er:

Sigurjón Ólafsson hjá Fúnksjón.

Staðsetning:

**Hús Fagfélaganna-Herðubreið,
Stórhöfði 29, 110 Reykjavík**



**SKANNAÐU OG
SKRÁÐU ÞIG!**

ÓKEYPIS AÐGANGUR